

Nd.

92. Frumvarp til laga

[61. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 65 16. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 70. gr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 180 000 000.

Fyrir vélknúin ökutæki, sem flytja mega fleiri farþega en tíu, skal váttryggingarfjárhæðin þó vera kr. 360 000 000.

2. gr.

1. málsg. 73. gr. orðist svo:

Nú hefur viðurkennt váttryggingafélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða váttryggingafélaginu kr. 36 000, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, sem þar greinir, gangi fyrir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Váttryggingarfjárhæðir fyrir hina lögboðnu ábyrgðartryggingu ökutækja voru með lögum nr. 65 16. maí 1978 hækkaðar í 24 millj. kr. fyrir bifreiðir og 12 millj. kr. fyrir önnur ökutæki auk 1200 000 kr. fyrir hvern farþega, sem ökutæki má flytja umfram tíu. Váttryggingarfjárhæðir þessar veita eigi lengur þá vernd, sem ætlast verður til, þegar um meiri háttar tjón er að ræða af völdum ökutækja, m. a. vegna þess að endanlegt uppgjör tjóna fer eigi fram, m. a. af læknisfræðilegum ástæðum, fyrr en mörgum árum eftir að tjón varð. Uppgjör fer þá fram samkvæmt þágildandi verðlagi, en váttryggingarfjárhæðin helst óbreytt. Kann þá svo að fara að bætur fái ekki greiddar nema að hluta. Í verðbólgu, svo sem hér hefur verið undanfarin ár, er þetta augljóst óhagræði. Til að auka öryggi þeirra, sem fyrir tjóni kunna að verða, svo og eigenda ökutækja, er lagt til að váttryggingarfjárhæðirnar verði enn hækkaðar. Verði ein almenn váttryggingarfjárhæð, 180 millj. kr., þó svo að fjárhæðin verði 360 millj. kr. fyrir þau ökutæki, sem flytja mega fleiri farþega en tíu. Að svo stöddu þykir hins vegar eigi rétt að hækka fjárhæðirnar frekar eða taka upp ótakmarkaða váttryggingu. Váttryggingarfjárhæðir þessar mundi dómsmálaráðherra heimilt að hækka að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins í samræmi við verðlagsbreytingar, sbr. ákvæði í lögum nr. 65 16. maí 1978.

Eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni af völdum bifreiðar, er nú allt að 24 000 krónur, og vegna annarra ökutækja allt að 12 000 krónur. Þykir rétt að hækka eigin áhættu þannig að hún verði allt að 36 000 krónur.

Gert er ráð fyrir því að ákvæði frumvarpsins taki gildi 1. mars 1980, en þá hefst nýtt váttryggingartímabil ábyrgðartrygginga ökutækja.